



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 1. október 2024

## Umsögn Rannsóknamiðstöðvar Íslands um frumvarp til laga um námsgögn

### Pingskjal 223 – 222. mál. 155. löggjafarþing 2024-2025.

Rannís fagnar framkomnu frumvarpi til laga um námsgögn sem felur í sér heildarendurskoðun á fyrri lögum. Rannís hefur sl. ellefu ár verið með umsýslu fyrir Þróunarsjóð námsgagna og takmarkast athugasemdir við þann kafla frumvarpsins. Rannís vill taka undir það sjónarmið sem fram kemur í greinargerð að þörf sé á meiri fjölbreytni og örari endurnýjun á námsefni og þar hefur Þróunarsjóður mikilvægu hlutverkefni að gegna.

### III. kafli – Þróunarsjóður námsgagna

#### 8. grein Hlutverk

„Hlutverk þróunarsjóðs námsgagna er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð, þýðingu og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla í samræmi við markmið laga þessara.“

Með þessari grein er tónlistarskólum bætt við þá sem geta sótt um styrki úr Þróunarsjóði námsgagna. Þessi breyting er afar jákvæð þar sem námsefni fyrir tónlistarskóla hefur til þessa ekki verið umsóknarhæft og lítið um aðrar leiðir fyrir höfunda að slíku efni að sækja styrki eða annað fjármagn þrátt fyrir þörf.

#### 9. grein Starfræksla og stjórn

„Ráðherra ber ábyrgð á starfrækslu þróunarsjóðs námsgagna og úthlutar styrkjum úr sjóðnum. Ráðherra skipar þróunarsjóði námsgagna sjö manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmaður tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, tveir af samtökum kennara, einn tilnefndur fyrir hönd skólameistara framhaldsskóla, einn fyrir hönd nemenda og einn fyrir hönd atvinnulífs. Ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama einstakling aðalfulltrúa í stjórn lengur en tvö samfelld starfstímabil. Ráðherra setur þróunarsjóði námsgagna reglugerð þar sem m.a. er kveðið á um skipulag sjóðsins, reglur um úthlutun og hlutverk sjóðsins gagnvart eftirfylgni með styrktum verkefnum.“

Með frumvarpinu er ábyrgð á úthlutun færð til ráðherra frá stjórn sjóðsins sem áður fór með það hlutverk. Þessi breyting er í samræmi við fyrirkomulag í fleiri sjóðum sem Rannís hefur umsýslu með.

Stjórnarmönnum verður með þessu fjölgað um tvo. Annar þeirra verður skipaður fyrir hönd nemenda og hinn fyrir hönd atvinnulífs. Þessi breyting er jákvæð þar sem fleiri hagaðilar koma að ráðgjöf um úthlutun og í því samhengi er mikilvægt að fulltrúar þessara nýju hagaðila sem skipa stjórn, þekki vel til og hafi hagsmunum af námsgagnaútgáfu í skólakerfinu.

Kveðið er á um í þessari grein að í komandi reglugerð sjóðsins muni koma fram skipulag, úthlutunarreglur og eftirfylgni. Rannís leggur til að hér mætti gjarnan setja fram eitthvað um ráðleggjandi hlutverk stjórnar við stefnumótun í lagatextanum. Þannig gæti ráðuneytið sett fram kröfur á stjórnir sjóðsins um tillögur og skrifleg sjónarmið í framtíðinni.

#### 10. grein Styrkveitingar

„Styrkir úr þróunarsjóði námsgagna skulu veittir einstaklingum, rekstraraðilum skóla og fyrirtækjum. Styrkjum skal úthluta eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Ráðherra auglýsir ár hvert eftir umsóknum um styrki úr þróunarsjóði námsgagna. Stjórn sjóðsins tekur umsóknir um styrki til meðferðar og gerir tillögu til ráðherra um styrkveitingar. Heimilt er að fá utanaðkomandi ráðgjöf við mat á umsóknum. Ráðherra ákveður styrkveitingar úr sjóðnum og skilyrði þeirra. Þær skulu taka mið af stefnu stjórnvalda og útgáfuáætlun námsgagna. Styrkþegar þróunarsjóðs námsgagna skulu gera stjórn sjóðsins grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari skilmálum úthlutunar.“

Þegar kemur að orðalagi um að styrkveitingar skulu taka mið af stefnu stjórnvalda og útgáfuáætlun, þarf að gæta að því að ákvæðið komi ekki í veg fyrir að námsefni sem er nýtt og framsækið fái mögulega styrk. Ef tengja þarf úthlutun við stefnu og útgáfuáætlun stjórnvalda mætti skoða að setja þann texta í reglugerð eða reglur og ef til vill aðlaga orðalag þannig að það loki ekki fyrir möguleika sjóðsins til að bregðast við ófyrirséðum umsóknum s.s. leitast er við... eða stefnt er að...

Loks mælir Rannís með að skýrt sé kveðið á um að ráðherra geti falið „þar til bærum aðila“ umsýslu og utanumhald sjóðsins eins og verið hefur.



Ágúst Hjörtur Ingþórsson

forstöðumaður